



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL1SX05

Námsáætlun – Vorönn 2023

Kennarar áfangans:

Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV), annakristin81@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum hljóta nemendur þjálfun í myndlist og hönnun. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Ýtt er undir umræður um myndlist, aðferðir, strauma og stefnur. Áætlunin er einstaklingsmiðuð, oft unnin í samráði við nemandann og fer eftir áhugasviði hans og getu. Efnistöð geta verið af ýmsum toga og nemendur hvattir til þess að þróa sín vinnubrögð sem og kynnst nýrri nálgun og efnistöðum.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- því hversu sköpun getur verið gefandi.
- hversu mikið hægt er að nota myndlistina til að tjá sig.
- hversu mikilvægt er að eiga gott hugmyndaflug.
- hversu mikilvægt er að geta tjáð sig um sína list.
- breytilegum aðferðum við listsköpun sem og ólíku efni.
- að þetta svið er það fjölbreytt að yfirleitt er ekkert eitt rétt.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fullvinna verk út frá eigin hugmyndum.
- taka leiðsögn til framfara og þróunar.
- þora að takast á við nýjar áskoranir.
- að nota hugmyndaflug sitt, virða það og viðurkenna.
- tjá sig með listsköpun.
- nota mismunandi aðferðir og efni.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- njóta sín í listsköpun við hæfi.
- gera sér grein fyrir mikilvægi vinnuframlags.
- meta eigin verk og vinnu að verðleikum.
- beita ólíkum efnum og áhöldum við sína sköpun.
- tjá hugmyndir sínar í verki.
- tjá hugmyndir sínar með orðum.
- taka við leiðsögn til enn frekari þroska í faginu.

Kennslugögn og námsmat

- Sýnikennsla og verkleg kennsla, umræður, Internetið, en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Áfanginn er próflaus, leiðsagnar- og símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Tölvur og símar

- Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.